

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Ellidaárvogur/Ártúnshöfði, svæði 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 21. desember 2021, deiliskipulag fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1 – Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1.570 íbúða, skóla, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins BREEAM Communities. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Ártúnshöfði, iðnaðarsvæði.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. september 2021, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða – iðnaðarsvæði. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða – iðnaðarsvæði er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Eiðsgrandi – Ánanaust.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. febrúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda – Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir áningastað við sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færast lega núverandi göngu- og hjólastígs lítillaga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Seljavegur 3A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. febrúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Framnesreits vegna lóðarinnar nr. 3A við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að setja utánliggjandi svalir á íbúðir húseignar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Suður-Mjódd.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. febrúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lítillaga. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar og gerðar eru aðrar minni breytingar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 46.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. febrúar 2022, breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðarinnar nr. 46 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að breytt er texta í 14. mgr. í kaflanum „Sérákvæði fyrir einstök hús“ þannig að bætt er í textann að heimilt verður að vera með gístaðstöðu á fyrstu hæð hússins við

Hverfisgötu og atvinnustarfsemi og gistaðstöðu á efri hæðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. mars 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. mars 2022